

Auður býr í barni hverju



Leiðbeiningar fyrir starfsfólk skóla um stuðning við börn úr efnaminni fjölskyldum



Auður býr í barni hverju

**Leiðbeiningar fyrir starfsfólk skóla
um stuðning við börn úr efnaminni fjölskyldum**



Útgáfa: Menntasvið Reykjavíkurborgar og Leikskólasvið Reykjavíkurborgar. Apríl 2011

Byggt á: *Tackling Child Poverty in Wales – A Good Practice Guide for Schools.*

2006: End Child Poverty Network Cymru/Children in Wales

Þýðing og staðfærsla: Sara Björg Ólafsdóttir, Hildur B. Svavarsdóttir, Steinunn H. Ármannsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir, Menntasviði og Leikskólasviði Reykjavíkurborgar.

Kafla um heimilisofbeldi ritaði Anni G. Haugen.

Þakkir vegna yfirlesturs og ábendinga: Rannsóknastofa í barna- og fjölskylduvernd og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Efnisyfirlit

Formáli	6
Markmið með útgáfunni.....	7
Inngangur	8
Hvað er fátækt?	8
Hvaða börn eru líklegust til að alast upp í fátækt?	8
Hvernig hefur fátækt áhrif á börn?.....	9
Hefur skólinn hlutverki að gegna í að jafna stöðu nemenda?	10
Tekjur heimilanna	11
Hvernig geta skólar aðstoðað fjölskyldur við að nýta sem best tekjur heimilisins?	11
Hvernig geta skólar hjálpað nemendum að taka ákvarðanir í fjármálum?.....	12
Heilsa og vellíðan.....	13
Hvað geta skólar gert til að bæta heilsufar nemenda?.....	13
Hvernig geta skólar stuðlað að betri andlegri líðan nemenda?	15
Heimilisofbeldi	16
Námsárangur	17
Nokkrar ástæður fyrir því að fátækum börnum gengur ekki eins vel í námi og búast mætti við.....	17
Hvernig má bæta námsárangur og auka námsáhuga?	18
Þátttaka foreldra	21
Hvað geta skólar gert til að virkja foreldra í skólastarfi?.....	21

Formáli

Í íslensku velferðarsamfélagi sitja ekki öll börn við sama borð þegar litið er til ráðstöfunartekna heimilanna. Sú staðreynd er öllu skólafólki ljós. Á samdráttartímum sem nú skerpast andstæður í samfélaginu. Því er brýnna en nokkru sinni að skólinn komi sem best til móts við fjölskyldur og börn sem standa höllum fæti þannig að erfið fjárhagsstaða heimila hafi ekki neikvæð áhrif á þroska barna, sjálfsmynd og framtíðarhorfur.

Flest börn í okkar nútímasamfélagi eru stóran hluta dagsins í leikskóla eða grunnskóla og á frístundaheimilum. Þeir sem þar starfa við uppeldi og menntun barna og unglunga geta með ýmsu móti brugðist við brestum í aðstæðum efnaminni barna og séð til þess með hlýju og stuðningi að þau njóti jafnra tækifæra til að þroska hæfileika sína og fái örvun til náms. Ekki er hvað síst mikilvægt að styðja þessi börn félagslega og koma í veg fyrir að þau einangrist og fari á mis við uppbyggilegt félagsstarf. Með markvissum vinnubrögðum má með ýmsu móti sporna gegn áhrifum félagslegs arfs og erfiðra heimilisaðstæðna og búa í haginn fyrir framhaldsmenntun.

Auður býr í barni hverju, auður sem ekki má fara forgörðum. Þessi bæklingur á að brýna þá sem eru í föruneyti barnsins til að halda vöku sinni. Við hvetjum ykkur öll til að kynna ykkur efni hans og nýta öllum börnum til heilla.

Ragnar Þorsteinson, fræðslustjóri Reykjavíkur.

Ragnhildur E. Bjarnadóttir, sviðsstjóri Leikskólasviðs Reykjavíkur.

Markmið með útgáfunni

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (1989), sem hefur verið samþykktur af íslenskum stjórnvöldum, er staðfest að menntun skuli þroska persónuleika og hæfileika barna og kveðið er á um viðtæk réttindi þeirra.

Sáttmálinn kveður á um að vernda beri grundvallarmannréttinda barna, svo sem réttinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsi. Jafnframt leggur hann þær skyldur á aðildarríkin að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála¹.

Leikskólar og grunnskólar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í því að tryggja velferð barna. Í aðalnámskrá leikskóla (1999) er fjallað um mikilvægi þess að starfsfólk sé meðvitað um hagi og fjölskyldulíf barna og breytingar á því, auk þess sem leikskólinn eigi að kappkosta í samvinnu við heimilin að hlúa að börnunum andlega og líkamlega svo þau fái notið bernsku sinnar. Í aðalnámskrá grunnskóla (2006) segir að menntun og velferð nemenda sé sameiginlegt verkefni heimila og skóla og að grunnskólinn eigi að vinna með heimilum að því að tryggja börnum sem best uppeldisskilyrði og almenna velferð.

Þessi bæklingur hefur að markmiði að:

- Efla fræðslu um áhrif fátæktar á börn á leik- og grunnskólaaldri.
- Efla skilning á því að starfsfólk skóla og frístundaheimila hefur ýmsa möguleika á því að bæta aðstöðu og námsárangur barna sem búa við bág kjör.
- Benda á nýlegar rannsóknir á tengslum fátæktar og menntunar og á verkefni sem gætu verið hjálpleg í skólastarfi. Víða í bæklingnum er vísað í itarefni og upplýsingar frá sérfræðingum og samtökum sem geta veitt frekari aðstoð eða leiðbeiningar.

¹ Umboðsmaður barna, Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins:
http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild

Inngangur

Hvað er fátækt?

Engin einhlít alþjóðleg skilgreining er til um fátækt. Víða á Vesturlöndum er stuðst við skilgreiningu Evrópusambandsins á fátækt, en samkvæmt henni eru fátækir:

„Þeir einstaklingar og hópar sem hafa svo takmörkuð lífsgæði (efnahagsleg, menningarleg og félagsleg) að það hindrar þá til lágmarksþátttöku í því samfélagi sem þeir lifa í“

Skilgreiningin á því ekki einungis við um fátækt í efnahagslegum skilningi heldur einnig um möguleika fólks til að taka þátt í hefðbundnu lífsmynstri, hefðum og athöfnum og er hún undirstaða umfjöllunar í þessum bæklingi. Þegar fjallað er um fátækt barna er bæði átt við börn og unglinga að 18 ára aldri.

Fátækt í efnahagslegum skilningi hefur mælst einna minnst á Íslandi ef litið er til OECD ríkjanna² en mælingar OECD byggja á flóknari skilgreiningu en á við hér á landi. Í umfjöllun Guðnýjar Bjarkar Eydal um fátækt barna á Íslandi segir að hefðbundnar mælingar á fátækt gefi einungis upplýsingar um tekjuskiptingu og kjör foreldra. Þegar hins vegar fátækt barna sé mæld á þeirra eigin forsendum þá verði að gera slíkt með öðrum hætti, s.s. meðal barnanna sjálfra til að fá dýpri innsýn í líf þeirra og aðstæður. Í skýrslu hennar er þessi tilvitnun í 8 ára gamlan íslenskan dreng:

„Það er þó ekki alltaf hægt að sjá á börnum hvort þau eru fátæk því þau eru ekkert endilega í ljótari fötum en aðrir“³

Samkvæmt Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands lifðu tæplega 10% landsmanna undir lágtekjumörkum á árunum 2003 og 2004 sem var þá næstlægsta hlutfallið af 31 þjóð í Evrópu sem gerði sambærilega athugun⁴. Árið 2009 var lágtekjuhluftallið 10,2% á Íslandi.⁵

Hvaða börn eru líklegust til að alast upp í fátækt?

Samkvæmt opinberum tölum í Bretlandi⁶ er mest hætta á að börn alist upp við efnahagslega, menningarlega eða félagslega fátækt ef:

- Þau eru börn einstæðra foreldra
- Ef þau eru úr barnmörgum fjölskyldum (fleiri en þrjú börn)
- Ef þau alast upp á heimili þar sem enginn er í fullri vinnu utan heimilis
- Ef fjölskylda þeirra telst til ákveðinna þjóðernisminnihluta⁷
- Ef í fjölskyldu þeirra er fatlaður einstaklingur, barn eða fullorðinn

Í Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands sem áður var minnst á kemur fram að fleiri fjölskyldur eru undir lágtekjumörkum vegna atvinnuleysis, ef þrjú eða fleiri börn eru í heimili eða ef foreldrar eru einstæðir. Í rannsókninni var fátækt ekki skoðuð eftir þjóðerni eða öðrum slíkum bakgrunnsþáttum. Ef rýnt er í sambærilegar tölur fyrir árið 2009 kemur hið sama í ljós⁸. Þá voru einstæðir foreldrar sá

² Skrifstofa Alþingis: <http://www.althingi.is/altxt/133/s/0613.html>

³ Guðný Björk Eydal. 2007, *Fátækt barna á Íslandi - útreikningar og raunveruleiki*. Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði Háskólanum á Akureyri 27.-28. apríl 2007

⁴ Hagstofa Íslands. 2007. Lágtekjumörk og tekjudreifing 2003-2004.

⁵ Hagstofa Íslands. www.hagstofa.is. Undir Laun, tekjur og vinnumarkaður.

⁶ Department for Work and Pensions, „Household s Below Average Income (HBAI) statistics 1994/5-2003/04“, Sixteenth Edition 2005

⁷ Þrátt fyrir að það komi ekki fram í tölfræði stjórnvalda um fátækt í Bretlandi hafa rannsóknir þar sýnt að börn flóttamanna og farandverkamanna eru í sérstökum áhættuhópi því heimilistekjur þeirra séu oft undir fátæktarmörkum í mörg ár.

⁸ Hagstofa Íslands. www.hagstofa.is. Undir Laun, tekjur og vinnumarkaður.

hópur Íslendinga sem oftast átti erfiðara með að ná endum saman og mæta óvæntum útgjöldum, samkvæmt samantekt Hagstofunnar á heimilum í fjárhagsvanda⁹. Í skýrslu Rauðakross Íslands frá 2010 um hvaða hópar standa höllum fæti í íslensku samfélagi sést að það voru til dæmis öryrkjar, einstæðar mæður og innflytjendur sem ekki kunna íslensku og eru í láglaunastörfum. Einnig kemur fram í niðurstöðum að viðmælendur skýrsluhöfunda höfðu mestar áhyggjur af framtíð barna sem alast upp í fátækt¹⁰. Til fróðleiks má svo benda á BA-ritgerð Rannveigar S. Ragnarsdóttur og Telmu Þorbergsdóttur frá 2009¹¹ um stöðu barna í íslenska velferðarkerfinu þar sem skoðað er hvernig stutt er við barnafjölskyldur í íslenska velferðarkerfinu auk þess sem farið er yfir stöðu þekkingar á aðstæðum barna sem búa viðfátækt.

Mikilvægt er að hafa í huga að hér er vísað til rannsókna sem lýsa meginlínunum í samfélagsgerð en fara þarf varlega í alhæfingar og yfirfærslu á niðurstöðum á einstaklinga eða fjölskyldur.

Hvernig hefur fátækt áhrif á börn?

*Fátækt getur haft alvarleg áhrif á börn og geta þau áhrif varað alla þeirra ævi. Fátækt hefur allajafna neikvæð áhrif á þroskakosti þeirra, lífsgæði og sjálfsmynd í bernsku, og skerðir oft framtíðarmöguleika ævilangt. Þetta er hin almenna niðurstaða, þó vitaskuld sé auðvelt að benda á einstaklingsbundnar undantekningar.*¹²

Samkvæmt rannsókn sem gerð var í Wales hætta börn sem búa við fátækt oftast í námi af því að þörf er fyrir þau á heimilinu eða þau þurfa að afla tekna fyrir fjölskylduna¹³. Þau taka þess vegna takmarkaðan þátt í ýmsu sem snertir skólagöngu og tómstundir. Nýlegar lýðheilsurannsóknir í Bretlandi sýna að börn sem búa við fátækt eru til dæmis:

- Líklegri til að fæðast fyrir tímann og vera undir meðalþyngd^{14 15}
- Fimm sinnum líklegri til að látast af slysförum og þrisvar sinnum líklegri til að lenda í bílslysi¹⁶
- Tíu sinnum líklegri til að eignast börn ung að aldri¹⁷
- Mun líklegri til að eiga í erfiðleikum með ofþyngd og stríða við önnur heilsufarsvandamál^{18 19}
- Ólíklegri til að halda áfram námi eftir grunnskóla²⁰
- Ljúka síður námi/þjálfun sem veitir starfsréttindi²¹

Í íslenskri rannsókn sem unnin var af Miðstöð innflytjendarannsókna í Reykjavíkur akademíunni kom fram að atvinnuþátttaka barna og unglunga í þeim hverfum borgarinnar þar sem tekjur eru almennt lágar, væri almennt mikil og meiri en í öðrum hverfum²². Í rannsókn tveggja hjúkrunarfræðinga sem gerð var við Háskólann á Akureyri 2009 á heilsu og lífsgæðum um 1.900 nemenda í 10. bekk kom í ljós að tengja mátti slæmar lífsvenjur, eins og neyslu á óhollu fæði, reykingar, hreyfingarleysi og verri tannheilsu, við þá nemendur sem svöruðu því játandi að fjárhagsleg staða fjölskyldunnar væri slæm²³.

⁹ Hagstofa Íslands. www.hagstofa.is. Undir Laun, tekjur og vinnumarkaður.

¹⁰ Rauði kross Íslands. 2010. Hvar þrengir að?

¹¹ Rannveig S. Ragnarsdóttir og Telma Þorbergsdóttir. 2009. Börn og fátækt: Staða barna í íslenska velferðarkerfinu.

¹² Forsætisráðuneytið. 2005. Skýrsla nefndar um málefni barna og unglunga. www.forsætisraduneyti.is/utgefing-efni/nr/1777

¹³ Welsh Assembly Government, „Child Poverty Task Group Consultation“ June 2004

¹⁴ Department of Health, „Tackling Health Inequalities: Summary of the Cross-cutting Review“, Department of Health, 2002

¹⁵ National Public Health Service for Wales „Deprivation and Health“, 2004

¹⁶ Health Development Agency, „Injuries in children aged 0-14 years and inequalities“, 2005

¹⁷ Department for Work and Pensions, „Opportunity for all, Sixth Annual Report“, 2004

¹⁸ National Centre for Social Research (commissioned by the Department for Health), „Obesity among children under 11“, 2005

¹⁹ National Public Health Service for Wales „Deprivation and Health“, 2004

²⁰ Department for Work and Pensions, „Opportunity for all, Sixth Annual Report“, 2004

²¹ Department for Work and Pensions, „Opportunity for all, Sixth Annual Report“, 2004

²² Miðstöð innflytjenda rannsókna Reykjavíkurakademíunni, Innan vallar eða utan:

http://www.mirra.is/Innan_vallar_eda_utan.pdf

²³ Hildur Dís Kristjánsdóttir og Ingibjörg Ýr Óskarsdóttir. 2009. Áhrif slæmrar fjárhagsstöðu fjölskyldunnar á líkamlegt heilbrigði nemenda í 10. bekk. B.Sc. ritgerð í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri.

Hefur skólinn hlutverki að gegna í að jafna stöðu nemenda?

*Börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður ... og fátækt þar að auki, hafa lélegt veganesti með sér út í lífið. Börn sem fá lítinn stuðning og hrós heima fyrir, þurfa nauðsynlega á stuðningi samfélagsins að halda og góður kennari, vinur eða tómstundafulltrúi getur haft afgerandi áhrif á barn og/eða ungling.*²⁴

Starfsmenn skóla eru í nánum tengslum við börn og unglunga og hafa áhrif á þroska þeirra og sjálfsmynd. Börn og unglingar eyða miklum tíma í skólanum og staðfest hefur verið í rannsóknum víða um heim að jákvæð tengsl séu á milli námsárangurs og lífsgæða á fullorðinsárum. Unglingar eru oft á tíðum mjög meðvitaðir um það:

„Ef þú ert stressaður, lendir í veseni, ert rekinn úr skólanum, þá færðu enga menntun, enga almennilega vinnu og kemst ekki út úr fátæktinni“

Viðmælandi í rannsókn meðal breskra ungmenna 2003²⁵

„Allt sem þú gerir þegar þú ert ungur mun hafa áhrif á þig í framtíðinni – eins og skólinn – ef þú stendur þig illa þá færðu vonða vinnu og engan pening“

Viðmælandi í rannsókn meðal breskra ungmenna 2003²⁶

Margir skólar hafa þróað aðferðir til að styðja með sérstökum hætti við börn úr efnaminni fjölskyldum án þess að það leiði til þess að þau séu dregin í dilka. Síðar í þessum bæklingi verður sagt nánar frá breskri rannsókn^{27 28} sem sýndi fram á að góður námárangur hafði náðst í sumum skólum í hverfum þar sem tekjur og menntun voru undir meðallagi. Erfið uppvaxtarskilyrði í skólahverfi þurfa því ekki endilega að leiða til þess að námsárangur barna í hverfis-skólanum sé minni en annars staðar. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að í hverfum þar sem aðstæður eru almennt góðar búa líka fjölskyldur sem standa verr að vígi en aðrar. Starfsfólk í flestum skólum finnur því fyrir áhrifum fátæktar á börn.

Ítarefni

- Upplýsingar á ýmsum tungumálum um samfélag, skóla og námsefni eru á vef [Fjölsvaka](#)
- Upplýsingar fyrir foreldra af erlendum uppruna um grunnskóla og leikskóla borgarinnar eru á vefsvæðum [Menntasviðs](#) og [Leikskólasviðs](#).
- Í fyrirlestri í Háskólanum á Akureyri fjallaði Guðný Björk Eydal um [Fátækt barna á Íslandi - útreikninga og raunveruleika](#):
- [Skýrsla Rauðakrossins 2010 um hvaða hópar standa höllum fæti í íslensku samfélagi](#)
- Grein Guðnýjar Bjarkar Eydal og Cynthiu Lisu Jeans, 2008, [Börn og fátækt](#), birtist í Tímariti Félagsráðgjafa, 3.árg.2008.
- Miðstöð innflytjenda rannsókna Reykjavíkur akademíunni (MIRRA) [gerði rannsókn fyrir ÍTR um þátttöku barna í Breiðholti í tómstundastarfi](#).
- Rannsóknir Tess Ridge á barnafátækt og félagslegri útilokun eru víðfeðmar, sjá [nánar](#).
- [Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar](#)
- [Fjölmenningsstefna fyrir leikskóla í Reykjavík](#)

²⁴ Rauði kross Íslands. 2006. Hvar þrengir að?

²⁵ Crowley, A. And Vulliamy, C., „Listen Up! Children and Young People Talk: About Poverty“, Save the Children 2003

²⁶ Crowley, A. And Vulliamy, C., „Listen Up! Children and Young People Talk: About Poverty“, Save the Children 2003

²⁷ Welsh Assembly Government, „Narrowing the Gap in the Performance of Schools“, 2002

²⁸ Welsh Assembly Government, „Narrowing the Gap in the Performance of Schools Project : Phase II Primary Schools“, 2005

Tekjur heimilanna

„Sumir hafa engin efni á að kaupa allar þessar möppur og stúlabækur, til dæmis þeir sem eru í tíu mismunandi fögum og þurfa að kaupa tvær bækur fyrir hvert og eitt fag. Það er ekki gefið“

Viðmælandi í rannsókn meðal breskra ungmenna 2003²⁹

Hvernig geta skólar aðstoðað fjölskyldur við að nýta sem best tekjur heimilisins?

Þótt starfsfólk skóla geti ekki haft bein áhrif á fjármál heimilanna er mögulegt að:

- Benda á eða hafa aðgengilegt fræðslu- og kynningarefni frá þeim sem veita ráðgjöf fyrir heimili vegna fjárhagsvanda eða þeim sem geta leiðbeint um réttindi til niðurgreiðslu og/eða styrkja.
- Endurskoða innkaupalista skólans, hvetja til endurnýtingar á ritföngum, tiltaka ekki sérstaka merkjavöru og benda foreldrum á að þeir geti keypt ritföng fyrir börnin eftir þörfum svo dreifa megi útgjöldum yfir lengri tíma.
- Benda foreldrum á að það er mögulegt að fá fjárhagsaðstoð vegna leikskólagjalda og skólamáltíða. Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar veita upplýsingar um fjárhagsaðstoð.
- Finna leiðir til að styrkja þau börn sem á því þurfa að halda, til dæmis þegar farið er í ferðir, kaupa þarf námsgögn eða annað sem upp kann að koma í tengslum við skólastarfið. Hafa ber í huga að slíkt þarf að gera af fyllstu nærfærni og án þess að athyglin beinist að börnunum sjálfum og aðstæðum þeirra, til að fyrirbyggja að þau verði fyrir aðkasti. Samkvæmt grunnskólalögum er skólahald öllum nemendum að kostnaðarlausu. Engu að síður geta komið upp aðstæður þar sem nemendur þurfa að greiða einhvern kostnað, t.d. vegna viðburða á vegum nemenda- og foreldrafélaga, og þá ættu starfsmenn skóla að vera vakandi fyrir því að slíkur kostnaður fari ekki úr böndunum.
- Hvetja foreldrafélög í leik- og grunnskólum til að koma upp skiptimarkaði á fatnaði, skóm, tösikum, íþróttfatnaði og öðrum búnaði. Sömu hvatningu mættu íþróttafélög og aðrir frístundaaðilar í hverfinu fá ef þess er krafist að börn klæðist ákveðnum búningum eða eigi tiltekinn búnað.
- Ræða neysluvenjur og raunverulegar þarfir, t.d. í lífsleiknitímum.³⁰

Ítarefni

- [Upplýsingar um fjárhagsaðstoð til íbúa Reykjavíkurborgar:](#)
- Hægt er að borga frístundaheimili með [frístundakorti](#).
- [Upplýsingar um frístundakortið eru til á 5 tungumálum](#)
- [Upplýsingagátt borgarinnar vegna efnahagsástandsins](#)
- [Upplýsingar um rétt tekjulágra foreldra til fjárhagsstuðnings vegna barna](#)

²⁹ Willow, C. „Bread is free: children and young people talk about poverty“, Children’s Rights Alliance for England and Save the Children, 2001

³⁰ Grein um áhrif þess að geta ekki fylgt félögum eftir í neysluvenjum: Ryst, M. (2005). Det koster a være kul; om teenagers opplevelse av tilhørigheit i en flerkulturell setting i Oslo. Tidsskrift for Ungdomsforskning, 2, 5-26.

Hvernig geta skólar hjálpað nemendum að taka ákvarðanir í fjármálum?

Fjármálalæsi er nauðsynleg færni fyrir nemendur til að geta tekið meðvitaðar ákvarðanir í fjármálum í nútíð og framtíð. Þetta er sérlega mikilvægt fyrir þau börn sem snemma þurfa að axla fjárhagslega ábyrgð.

Könnun sem gerð var á fjármálalæsi framhaldsskólanema á vegum *Stofnunar um fjármálalæsi* við Háskólann í Reykjavík benti sterklega til þess að það væri ekki nægjanlegt. Nær helmingur aðspurðra hafði frekar mikinn eða mjög mikinn áhuga á frekari fræðslu um fjármál³¹.

Tölfræði- og rannsóknarþjónusta Menntasviðs Reykjavíkur sendi í desember 2009 skólastjórum í grunnskólum borgarinnar spurningar um fjármálafræðslu. 44% þeirra sögðu að nemendur í þeirra skóla fengju reglulega fjármálafræðslu. Flestir sögðu fræðsluna fara fram á unglingsstigi, aðallega í 9. og 10. bekk en þó kom fram að í þremur skólum færi hún einnig fram í 6. og 7. bekk. Menntaráð hvatti skólastjórnendur í kjölfarið til þess að sjá til þess að nemendur í öllum skólum nytu fjármálafræðslu.

Ítarefni

- [Personal Finance Education Group](#) (kennsluefni á ensku)
- [Auraráð](#) eftir Auði Pálsdóttur er einnota vinnuhefti þar sem farið er yfir helstu atriði varðandi fjármál einstaklinga

³¹ Stofnun um fjármálalæsi við Háskólann í Reykjavík <http://fe.is>

Heilsa og vellíðan

Heilsufar fólks hefur batnað til mikilla muna á síðustu áratugum en því miður bendir margt til þess að það hafi ekki orðið jöfn þróun í þá átt hjá öllum þjóðfélagshópum³². Nýlegar rannsóknir sýna að sjúkdómar tengdir lífsstíl eru mun algengari í tekjulægstu þjóðfélagshópnum³³. Til dæmis hafa breskar rannsóknir leitt í ljós að reykingar eru mun algengari í þeim landshlutum þar sem tekjur eru undir meðallagi, þar er tvisvar sinnum algengara að fólk hreyfi sig of lítið og ofþyngd er algengari³⁴.

Efnaminni foreldrar eiga oft erfitt með að bjóða börnum sínum upp á hollan og næringarríkan mat þó vilji sé fyrir hendi, m.a. vegna þess hvað hann kostar mikið og eins getur þá skort þekkingu á því hvaða fæðutegundir eru næringarríkar³⁵. Rannsóknir sýna að foreldrar í þessum hópi finna fyrir meiri þrýstingi um að gefa börnum sínum hollan mat í fríum þegar skólarnir eru lokaðir og barnið fær ekki skólamáltíðir³⁶. Matareikningurinn er oft eini útgjaldaliðurinn á heimilinu sem hægt er að skera niður til að mæta óvæntum útgjöldum.

Á vef Lýðheilsustöðvar er fjallað um mikilvægi skólamötuneyta. Þar segir að hollur skólamatur geti verið mikilvægur þáttur í forvörnum gegn ofþyngd skólabarna. Þar segir einnig að íslensk börn neyti einungis helming af ráðlögðum dagskammti af grænmeti og ávöxtum og er það með því lægsta sem gerist í Evrópu. Þá sé gosdrykkja og sykurneysla yfir þeim mörkum sem mælt er með³⁷.

Á Íslandi virðast börn efnaminni foreldra líklegri til að fara sjaldnar til tannlæknis. Í rannsókninni *Heilsa og lífskjör skólanema* er það talið stafa af því að kostnaður við tannlæknaþjónustu grunnskólabarna er aðeins niðurgreiddur að hluta. Einnig segir í niðurstöðunum að efnaminni foreldrar fari sjálfir sjaldan eða aldrei til tannlæknis og séu því ólíklegri til að fara með börn sín til eftirlits, óháð niðurgreiðslum³⁸.

Hvað geta skólar gert til að bæta heilsufar nemenda?

- **Morgunverður í skólanum** getur stuðlað að stundvísi og betri mætingu nemenda auk þess að vera heilsusamlegur og bæta einbeitingu og námsgetu. Morgunverðurinn á að vera ánægjuleg stund.
- **Lífstíll.** Erlingur Jóhannesson stýrði á árunum 2006-2008 rannsókn á lífstíl 7- 9 ára barna. Markmiðið var að kanna líkamsástand barna í 2. bekk í grunnskólum í Reykjavík og skoða hvort breytt mataræði og aukin hreyfing hefði áhrif á holdafar, þrek, mataræði og blóðgildi hjá börnunum. Íhlutun rannsóknarhópsins fólst í því að auka hreyfingu og stuðla að breyttu mataræði hjá öllum börnum í íhlutunarhópi á tveggja ára tímabili og vera með sértækar íhlutanir hjá þeim börnum sem talin voru í áhættuhópi með tilliti til ofþyngdar. Ein af niðurstöðum rannsóknarinnar var að sérstakar aðgerðir í skólum geta stuðlað að hollari lífsháttum, betri heilsu og vellíðan, og þar með dregið úr heilsufarsvandamálum sem tengjast lífsstíl og lifnaðarháttum³⁹.
- **Gæta að hollustu og framsetningu skólamáltíða** til að hvetja börnin til að borða mat sem hefur góð áhrif á heilsufar þeirra. Fyrir mörg börn er skólamáltíðin aðalmáltíð dagsins. Betri

³² Department of Health, „Tackling Health Inequalities: Summary of the Cross-cutting Review“, Department of Health, 2002

³³ National Public Health Service for Wales „Deprivation and Health“, 2004

³⁴ National Centre for Social Research (commissioned by the Department for Health), „Obesity among children under 11, 2005

³⁵ NCH, „Going hungry: the struggle to eat healthy on a low income“ London: NCH, 2004

³⁶ Gill, O. and Sharma, N., „Food poverty in the school holidays“, Barnardo's, 2004

³⁷ Hólmfríður Þorgeirsdóttir, 2008, Mikilvægi skólamáltíða: www.lydheilsustod.is/atburdir/skoli-og-lydheilsa-radstefna/nr/nr/2390

³⁸ HVSC – Heilsa og lífskjör skólanema 2006 – Landshlutaskýrsla (<http://www.lydheilsustod.is/rannsoknir/afengi-og-vimuefni/skyrslur/>)

³⁹ http://vefsetur.hi.is/lifstill/um_verkefnid

þekking barna á mikilvægi þess að borða hollan mat og færni til að elda mat nýtist þeim til framtíðar. Það getur verið mikil hvatning til heilsusamlegra lífennis að börn taki þátt í að ákveða hvernig skólamatseðillinn eigi að vera uppbyggður og eins eykur það áhuga þeirra á að neyta skólamáltíðanna. Huga þarf að tíma sem börnin hafa til að borða og umhverfi í matsal.

- **Veita upplýsingar um ódýra líkamsrækt/hreyfingu fyrir nemendur og foreldra.**

Í rannsókn sem Rannsókn og greining gerði meðal grunnskólanemenda í 5., 6. og 7. bekk kom í ljós að rúmlega 40% stráka og stúlkna sögðu kostnað hafa skipt máli þegar þau hættu þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi⁴⁰. Þá hefur komið fram í rannsókn um skipulagt íþrótt- og tómstundastarf meðal barna af erlendum uppruna, að þau skortir upplýsingar um frístundastarf í þeim hverfum sem þau búa. Kynning á slíku starfi er oftast beint til barnanna sjálfra en ekki til foreldranna. Skólarnir gegna því mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun um íþrótt- og tómstundastarf og því er afar mikilvægt að gott upplýsingaflæði sé á milli skóla og heimilis um það starf sem í boði er fyrir nemenda utan skólatíma⁴¹.

- **Veita foreldrum upplýsingar um ókeypis tannskoðanir sem standa börnum til boða.**

Öllum 3, 6 og 12 ára börnum stendur til boða ókeypis eftirlit hjá tannlæknum sem vinna í umboði Sjúkratrygginga Íslands. Í eftirliti felst m.a. viðtal og fræðsla um matarræði, munnhirðu og annað er snertir tannvernd. Einnig er um að ræða skoðun, skráningu, hreinsun tanna og flúormeðferð fyrir alla hópana, auk röntgenmyndar fyrir 12 ára börnin.

Ítarefni

- Í handbók um skólamötuneyti á [heimasíðu Lýðheilsustöðvar](#) eru upplýsingar og ráðleggingar um matarræði og hreyfingu í skólum.
- Á heimasíðu Lýðheilsustöðvar má einnig finna upplýsingar um sérstakt verkefni sem nefnist [heilsueflandi skólar](#) þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks.
- Fræðsluefni um ódýra möguleika í líkamsrækt eru á [heimasíðu ÍTR](#). Þar er einnig hægt að sækja bæklinga um öll tómstundatilboð í borginni á 5 tungumálum
- [Á heimasíðu Lýðheilsustöðvar](#) eru greinargóðar upplýsingar á ýmsum tungumálum um tannheilsu barna.
- [Fræðsla fyrir leikskólastarfsfólk um tannvernd](#). Á vef Lýðheilsustöðvar
- [Sýnikennsla um tannvernd](#)
- [Um svefnþörf barna](#)

⁴⁰ Rannsóknir og Greining, Ungt fólk 2009 5.6. og 7. bekkur: <http://www.rannsoknir.is/rg/skyrslur>

⁴¹ Miðstöð innflytjenda rannsókna Reykjavíkúakademíunni, Innan vallar eða utan: http://www.mirra.is/Innan_vallar_eda_utan.pdf

Hvernig geta skólar stuðlað að betri andlegri líðan nemenda?

„Ef pabbi þarf peninga og mamma á ekki peninga þá fara þau að rífast“

Viðmælandi í rannsókn meðal breskra ungmenna 2003⁴²

„Ég hef áhyggjur af mömmu þegar hún er óhamingjusöm. Stundum hef ég áhyggjur ef við eigum ekki næga peninga. Ég hef áhyggjur af því“

15 ára gömul stúlka í rannsókn meðal breskra ungmenna 2003⁴³

Að búa við fátækt getur verið streituvaldur í fjölskyldum og haft víðtæk áhrif á líðan, hegðun og námsárangur barna. Skólar gegna mikilvægu hlutverki í að hlúa að geðheilsu og andlegri vellíðan nemenda með því að sjá til þess að skjótt sé brugðist við þegar þeir þurfa stuðning.

Margir skólar eru með heildstæða stefnu um öryggi og vellíðan nemenda og allir grunnskólar í Reykjavík hafa aðgang að reglulegum mælingum á líðan nemenda sinna í gegnum *Skólapúlsinn*. Mikilvægt er að nýta markvisst þessar upplýsingar, einnig í kennslu og umræðu við nemendur um líðan þeirra og tilfinningar. Börn og unglingar þurfa oft stuðning til að skilja eigin tilfinningar. Mikilvægt er að byggja upp góð samskipti milli kennara og nemenda annars vegar og milli nemendanna sjálfra hins vegar og ræða um líðan og samveru. Hvetja þarf börn til að sýna og tjá tilfinningar sínar og hugsanir svo bæta megi samskiptin og byggja upp félagsfærni.

„Það (heimilisofbeldið) tók yfir...ég gat ekki einbeitt mér. Ég hafði alltaf áhyggjur af mömmu...“

Viðmælandi í rannsókn meðal breskra ungmenna 2003⁴⁴

„Í fjóra mánuði fórum við ekki í skóla, við fluttum á milli sex ólíkra heimila, nei sjö heimila og sex skóla;... Mér finnst ekki gott að flytja því í hvert skipti þarf ég að eignast nýja vini og þegar ég er búin að því þá flyt ég aftur og aftur.“

10 ára stúlka í rannsókn meðal breskra ungmenna 2003⁴⁵

Ítarefni

- Ýmsar greinar um geðrækt eru á [heimasíðu Lýðheilsustöðvar](#), svo og *Geðorðin 10* á tíu tungumálum
- [Skýrsla starfshóps um eflingu sjálfsmýndar og félagsfærni barna/nemenda í leik- og grunnskólum.](#)
- [Vinir Zippýs geðræktarverkefni fyrir skólabörn](#)
- [Mentorverkefnið Vinátta](#)
- Hjálparsími Rauða krossins 1717
- Heimasíða Skólapúlsins: www.skolapulsinn.is
- Heimasíða Umboðsmanns barna: www.barn.is

⁴² Crowley, A. And Vullismy, C., “Listen Up! Children and Young People Talk: About Poverty“, Save the Children 2003

⁴³ Ridge, T. „Childhood poverty and social exclusion from a Child’s Perspective“, The Policy Press, 2002

⁴⁴ Welsh Assembly Government, „Good Practice on Domestic Abuse: Safeguarding Children and Young People in Wales“, 2004

⁴⁵ Mustafa, Z., Listen Up: the Voices of Homeless Children“, Shelter, 2004

Heimilisofbeldi

Í öllum skólum eru börn sem búa við heimilisofbeldi. Það getur raskað einbeitingu þeirra, dregið úr námsáhuga og haft varanlega áhrif á líðan þeirra og velferð. Einnig verður oft röskun á daglegu lífi þeirra, s.s. vegna flutninga, en heimilisofbeldi getur leitt til upplausnar í fjölskyldum og að einhverjir úr fjölskyldunni þurfi jafnvel að búa tímabundið utan heimilis eða í athvarfi. Nýlegar rannsóknir sýna að heimilisofbeldi leiðir í 16% tilvika til sambúðarslita og að fjölskyldan flýr heimilið⁴⁶. Skólar geta aðstoðað börn sem búa við slíkar heimilisaðstæður með ýmsu móti. Til dæmis með því að hafa aðgengilegar upplýsingar um hvert má leita og með því að nýta stoðkerfi innan skólans og utan, s.s. þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.

Fjárhagslegar áhyggjur og fátækt á heimili eykur álag og hættu á vanrækslu og ofbeldi gegn börnum. Þetta var t.d. reynsla Finna í efnahagsþrengingunum í lok tíunda áratugar síðustu aldar, en áhrif þeirra á börn og ungmenni komu ekki að fullu fram fyrr en 5 – 7 árum síðar⁴⁷. Hafa ber í huga að börn sem búa við fjárhagslegt öryggi geta einnig verið vanrækt eða sætt andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Því er mikilvægt að starfsmenn skóla séu vakandi fyrir því hvort þau börn beri einkenni þess að sæta ofbeldi. Barnaverndarnefndum og starfsmönnum þeirra ber skylda til að kanna aðstæður barna sem búa við vanrækslu eða ofbeldi og eru einu yfirvöldin sem hafa þessa heimild. Þau eiga jafnframt að veita barninu og fjölskyldu þess margþættan stuðning. Tilkynning frá starfsmönnum skóla og annarra sem sinna málefnum barna og þekkja aðstæður þeirra er forsenda þess að barnaverndarnefnd geti sinnt hlutverki sínu.⁴⁸

Árið 2006 voru útbúnar verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla. Markmiðið var að kynna fyrir starfsmönnum helstu einkenni ofbeldis og vanrækslu ásamt því að veita leiðbeiningar um hvernig þessir aðilar geta sinnt tilkynningarskyldu sinni.⁴⁹ Í þessu samhengi má benda á bókina „*Verndum þau. Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglíngum*“ eftir Ólöfu Ástu Farestveit og Þorbjörgu Sveinsdóttur.⁵⁰

Ef starfsmenn skóla eru í vafa um hvort rétt sé að tilkynna að þá gruni að barn sæti ofbeldi geta þeir haft samband við barnaverndarnefnd og rætt nafnlaust um aðstæður barnsins. Einnig má fá leiðbeiningar hjá starfsmönnum Barnaverndarstofu.

Ítarefni

- [Rannsókn á viðbrögðum skólastjóra 10 ára barna sem búa við heimilisofbeldi](#), gerð af Rannsóknarsetri í barna- og fjölskylduvernd fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- [Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi](#) – Rannsókn á félagslegum stuðningi og úrræðum.
- [Grein um rannsókn á heimilisofbeldi og ofbeldi gagnvart börnum á Íslandi](#). Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg Harðardóttir.
- [Rannsókn á ofbeldi gegn konum](#), Viðbrögð skólastjóra í 10 skólum. Guðrún Helga Sederholm.
- Á heimasíðu Lýðheilsustofnunar er bæklingurinn [Ofbeldi gegn börnum, kynning á forvörnum og meðferð](#)
- [Grein um rannsókn á heimilisofbeldi og ofbeldi gagnvart börnum á Íslandi](#). Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg Harðardóttir.
- [Réttur þinn – Mikilvægar upplýsingar fyrir erlendar konur á Íslandi \(á 7 tungumálum\)](#)
- Hjálparsími Rauða krossins 1717

⁴⁶ National Assembly for Wales Statistical First Release, „Absenteeism from Secondary Schools, 2004/5“, October 2005

⁴⁷ Forssén, K. (2009). Áhrif kreppu og fátæktar á velferð barna í Finnlandi (e. *Consequences of the Finnish recession to children's well-being*). Óútgefið erindi flutt þann 24. febrúar á vegum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands.

⁴⁸ Ákvæði um tilkynningaskyldu er að finna í 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

⁴⁹ Verklagsreglurnar má m.a. finna á slóðinni <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/dreifibref/nr/3832>.

⁵⁰ Bókin var gefin út af Máli og menningu árið 2006.

Námsárangur

Þrátt fyrir að sumum fátækum börnum gangi mjög vel í skóla eru almennt sterk tengsl milli fátæktar og námsárangurs. Slakur námsárangur í grunnskóla getur leitt til minni ásóknar í frekara nám sem dregur úr líkum á velgengni þegar útá vinnumarkaðinn er komið. Þannig geta slakar félagslegar aðstæður leitt til þess að fátæk börn verða fátæk á fullorðinsaldri.

- Í Bretlandi hafa rannsóknir sýnt að börn ófaglærðra foreldra eru 31% ólíklegri til að fá góðar einkunnir á unglingsárum og fimm sinnum ólíklegri að fara í framhaldsnám en börn þar sem foreldrar eiga lengri skólagöngu að baki⁵¹.
- Í Danmörku hafa rannsóknir sýnt svipaðar niðurstöður en árið 1990 luku 38% barna ófaglærðra foreldra ekki neinni menntun eftir grunnskóla. Árið 2005 var hlutfallið 33% en hefur hækkað á ný í 38% síðustu ár. Hlutfallið er hærra meðal drengja en stúlkna.⁵²
- Nýlegar rannsóknir⁵³ sýna að hreyfanleiki milli þjóðfélagsþópa hefur frekar minnkað en aukist í Bretlandi síðan 1997. Sambærilegar niðurstöður má finna í nýlegri danskri rannsókn. Fræðimenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að tengsl séu milli árangurs í námi og breytinga á þjóðfélagsstöðu, þ.e. að aukin menntun auki líkur á betri stöðu.

„Þú þarft hvatningu – einhvern sem stendur með þér..... ást og umhyggju frá fjölskyldunni, ráðgjöf og aðstoð.... til að segja þér að þú getir gert þetta“

Viðmælandi í rannsókn meðal breskra ungmenna 2003⁵⁴

Nokkrar ástæður fyrir því að fátækum börnum gengur ekki eins vel í námi og búast mætti við

- Skortur á efnislegum gæðum og lágur heimilistekjur geta takmarkað þátttöku barna og unglinga í frístundum og annarri samveru með félögum, en samskipti við vinahóp og félagsleg áhrif hans hafa áhrif á námsárangur.
- Húsnæði fjölskyldunnar er oft þröngt og börnin hafa lélega aðstöðu til að sinna heimanámi⁵⁵.
- Þau fá ef til vill minni stuðning frá foreldrum við heimanámið sem getur tengst takmarkaðri reynslu foreldranna af námi og jafnvel slæmri reynslu af eigin skólagöngu. Rannsóknir hafa sýnt að vel menntuð móðir hefur hvað mest áhrif á námsárhuga og námsárangur barns⁵⁶.
- Þau finna að ekki er borin virðing fyrir þeim, sæta einelti og fordómum sem aftur hefur áhrif á námsárhuga og námsárangur.
- Álag á fjölskyldu og streita getur leitt til tilfinninga- og hegðunarvanda sem hefur áhrif á mætingu, einbeitingu og líðan í skóla en allir þessir þættir hafa áhrif á námsárangur.
- Rannsóknir sýna að börn efnaminni foreldra þurfa oftár á sérkennslu að halda⁵⁷.

⁵¹ Department for Work and Pensions, „Opportunity for all, Sixth Annual Report“, 2004

⁵² Henrik Dørgge. 2011. Guldklumper. www.weekendavisen.dk/smarticle/view/1

⁵³ Blanden, J., Gregg, P. And Machin, S. „Intergenerational Mobility in Europe and North America“, Sutton Trust, Centre for Economic Performance & London School of Economics and Political Science, 2005.

⁵⁴ Crowley, A. And Vulliamy, C., „Listen Up! Children and Young People Talk: About Poverty“, Save the Children 2003

⁵⁵ Preston, G. (Ed.), „At Greatest Risk: The Children most likely to be poor“, Child Poverty Action Group, 2005

⁵⁶ Ermisch, J. Francesconi, M. And Pevalin, D.J., „Outcomes for Children of Poverty“, Department for Work and Pensions, 2001

Hvernig má bæta námsárangur og auka námsáhuga?

1. Samræmd stefna og vinnubrögð skóla. Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar *Narrowing the gap*⁵⁸ sem unnin var í Wales sýna að nemendur sem búa við erfiðar aðstæður geta náð góðum námsárangri. Í skólum þar sem þeim tókst best til vögu eftirfarandi atriði þyngra en í öðrum skólum:

- Trú kennara og starfsfólks skóla á stöðugar framfarir nemenda.
- Stuðningur við nemendur var skipulagður með langtímamarkmið að leiðarljósi, leiðsagnarmat var ríkjandi í námsmati, starfsfólk fékk góða símenntun og gott upplýsingaflæði var milli starfsfólks um stöðu og árangur nemenda svo og til foreldra.
- Markvisst var unnið að því að efla ábyrgð nemenda og foreldra á náminu og var góð fræðsla um þann stuðning sem í boði var.
- Gott samstarf var við grenndarsamfélag og stofnanir, sjálfboðasamtök og hópa sem unnu að velferð barna og unglinga.
- Hlustað var með markvissum hætti á skoðanir og óskir nemenda, fjölskyldna þeirra og grenndarsamfélagsins.
- Skipulag skólastarfs var gott, svo og samskipti starfsfólks og samstarf í teyllum. Þá var skýr stefna á forgangsaþriði í náminu og góð tímastjórnun.
- Stefna skólans var skýr, verkefnum var markvisst forgangsraðað og góð samvinna var milli stjórnenda og kennara. Stjórnendur þóttu góðir leiðtogar.

2. Miklu skiptir að grípa snemma inn í til að skólaganga barna, sem eru í áhættuhópi vegna fátæktar,⁵⁹ verði farsæl. Mikilvægt er að nýta upplýsingar frá þeim sem hafa unnið með barninu áður. Í mörgum löndum, til dæmis í Bretlandi, byrjar sérstakur stuðningur við börn og foreldra sem búa við erfiðar aðstæður á fyrsta æviári þess eins og sjá má dæmi um það á upplýsingsíðu breskra fræðsluyfirvalda undir yfirskriftinni. *Sure Start*⁶⁰ Kennarar geta ekki alltaf vitað hvernig heimilisaðstæðum barna er háttað en þeir geta rætt við börnin og foreldra þeirra og leiðbeint þeim við að leita sér aðstoðar. Skólarnir þurfa að vera í nánnum samskiptum við þær stofnanir, samtök og hópa í samfélaginu sem geta gripið inn fljótt og stutt við nemendur sem eiga í vandræðum, svo og fjölskyldur þeirra.

„Stundum spauga krakkarnir með það í skólanum að foreldrar þeirra hafi ekki vinnu, en það eru ekki bara foreldrunum sem líður illa út af því“

15 ára drengur í könnun meðal breskra ungmenna 2003⁶¹

3. Einstaklingsáætlanir, námssamningar og ýmis hvatningarkerfi hafa verið notuð til að hjálpa efnaminni börnum að ná betri árangri í námi. Einnig hefur reynst vel að bjóða upp á kennslu/þjálfun til að auka félagsfærni, bæta sjálfsmynd o.fl., en rannsóknir í Bandaríkjunum sýna að það gagnast þeim til langframa, hefur góð áhrif á samskiptafærni þeirra, dregur úr líkum á hegðunarvanda og leiðir til betri vinnubragða í námi og starfi⁶².

4. Miklar en raunhæfar væntingar til nemenda frá kennurum og starfsfólki skóla geta skilað sér í meiri metnaði og betri námsárangri og aukið líkur á því að nemandinn fari í framhaldsnám.

⁵⁷ Preston, G. (Ed.), „At Greatest Risk: The Children most likely to be poor“, Child Poverty Action Group, 2005

⁵⁸ Welsh Assembly Government, „Narrowing the Gap in the Performance of Schools“, 2002

⁵⁹ Department for Education and Skills, „Support from the Start“, Research Report 524, 2004.

⁶⁰ <http://www.education.gov.uk/childrenandyoungpeople/earlylearningandchildcare/surestart>

⁶¹ Willow C. „Bread is free: Children and young people talk about poverty“, Children's Rights Alliance for England and Save the Children, 2001

⁶² Schweinhart, L.J. „The High/Scope Perry Preeschool Studythrough Age 40, Summary Conclutions and Frequently asked Questions“. Ypsilanti, Michigan: High / Scope Educational Research Foundation 2004

5. Gæta þarf að hópaskiptingu í námi. Rannsókn sem gerð var á áhrifum hópaskiptingar á námsárangur sýnir að börn sem helst stunda nám með nemendum sem búa við sambærilegar félagslegar aðstæður standa sig ekki endilega betur en þau sem eru í margbreytilegum hópi nemenda⁶³. Það hafði greinilega jákvæðari áhrif á nemendahópinn hvað varðar félagslegan þroska ef nemendur frá ólíkum heimilum unnu saman.

6. Að bjóða upp á stuðning við heimanám auðveldar þeim börnum námið sem ekki hafa nægilega góða aðstöðu og aðstoð heima fyrir.

7. Áhrif á ákvarðanir um eigið líf. Aðferðir sem miða að því að efla sjálfstraust og leyfa nemendum að taka þátt í ákvörðunum sem snerta daglegt líf þeirra getur aukið námsáhuga, námsánægju og námsárangur. Nemendur hafa líka þörf fyrir að kennarar skilji þau og reyni að aðstoða þau við að leysa vandamál ef þau koma upp.

„Að kennarar sýni meiri skilning og vilja til að tala við þig og leysa vanda“

Viðmælandi í umræðum sem NCH stóð fyrir við bresk ungmenni 2003

Bekkjargundir og skólaráð eru góður vettvangur fyrir skoðanaskipti. Allir nemendur eiga rétt á að koma að vali á fulltrúum í skólaráðið og fá fræðslu um nemendalýðræði. Þau börn sem verst standa félagslega gætu þurft mesta hvatningu um að taka þátt.

8. Taka markvisst á einelti. Börn sem búa við fátækt eru líklegri til að sæta einelti, vera skilin út undan eða verða fyrir fordómum og mismunun. Einelti hefur mikil áhrif á líðan barna sem aftur hefur áhrif á námsáhuga og námsárangur þeirra. Rannsóknir sýna að grunnskólanemar hafa mestar áhyggjur af því að verða lagðir í einelti⁶⁴. Starfsfólk skóla þarf að fylgjast sérlega með þessum hópi nemenda m.t.t. eineltis. Aðrir hópar, svo sem börn með fötlun, sérþarfir og sumir hópar barna af erlendum uppruna, eru líka líklegri til að vera lögð í einelti.

„Eitt af því sem gerist í skólanum ef þú ert ekki í ‘réttu skónum’, þá ertu lagður í einelti eða kallaður nöfnum og svoleiðis. Það er ástæðan fyrir því að við erum ekki lengur í strigaskóm. [En] jafnvel þó maður fái svo skóna þá breytir það engu. Ef þú ert ekki í merkjaskóm þá þykja þeir hallærislegir“

Viðmælandi í könnun meðal breskra ungmenna 2003⁶⁵

Ítarefni

- [Lög um grunnskóla nr.91/2008.](#)
- Grein Wolfgang Edelstein, „[Lýðræði verður að læra!](#)“ Birt í Netlu
- [Nemendalýðræði í grunnskólum: Fræðileg umfjöllun um nemendalýðræði](#)
Guðný Svandís Guðjónsdóttir og Svanhildur Díana Hrólfsdóttir
- [Heilahristingur](#) – verkefni Borgarbókasafns Reykjavíkur, stuðningur við heimanám.
- [Olweusar áætlunin](#) og vefurinn Gegn einelti:
- [Vefur Regnbogabarna](#)
- Á [vef Mennta- og menningarmálaráðuneytisins](#) eru alls konar upplýsingar um einelti, rannsóknir ofl. [Upplýsingavefur um geðheilsu barna og ungmenna](#)
- [Information on Self-Efficacy](#) – vefur um trú á eigin getu

⁶³ Karley, N.K. and Bramley, G. „Effects of Homeownership on Educational Attainment of Children in Deprived Neighbourhoods“, Scottish Executive Education Department (SEED) Sponsored Research. Paper given at ENHR Conference (2004) Impediments to Educational Attainment and the Role of Housing Tenure Forthcoming research report will be available the download from CRSIS website in late Spring 2005

⁶⁴ Children’s Commissioner for Wales Second Annual Report, October 2003

⁶⁵ Willow, C. „Bread is free: children and young people talk about poverty“, Children’s Rights Alliance for England and Save the Children, 2001

9. Markvissar leiðir til að auka námsáhuga og bæta skólasókn

Fjarvistir nemenda tengjast oft félagslegri stöðu og erfiðum heimilisaðstæðum⁶⁶. Fjarvistir hafa mikil áhrif á námsárangur. Enda þótt samband sé á milli fátæktar og aukinna fjarvista nemenda eru fleiri atriði sem geta haft áhrif þar á. Námsáhugi er einnig ráðandi þáttur í námsárangri og sókn í framhaldsnám. Algengar aðferðir til að hvetja nemendur og auka námsáhuga þeirra eru t.d. að gera einstaklingsáætlanir með þeim, bæði fyrir námsleg markmið og um hegðun. Ræða þarf markvisst við þá um daglegt líf og hlusta á hugmyndir þeirra, fylgjast með hegðun og notast við umbunarkerfi. Huga þarf einnig að ólíkum þörfum nemenda, en rannsóknir sýna að fjarvistir eru almennt færri hjá stúlkum og námsárangur þeirra oft betri en drengja. Þrátt fyrir það eru meiri líkur á því að konur fremur en karlar búi við fátækt á fullorðinsárum⁶⁷.

Ítarefni

- Fyrirlestur Gerðar G. Óskarsdóttur. „[Við þurfum að byrja á byrjuninni!](#)“ Niðurstöður rannsóknar um nám á mörkum leik-og grunnskóla annars vegar og grunn-og framhaldsskóla hins vegar 2007-2009, unnin á vegum Reykjavíkurborgar. Erindi flutt á fundi Skólamálaráðs KÍ:
- [Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra](#): Langtímarannsókn. Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, Tímarit um menntarannsóknir, 2. árgangur 2005, 11–23:
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson (des. 2002). [Brottfall úr námi](#). Félagsvísindastofnun.
- Nýsköpunarverkefni Gísla Árna Eggertssonar og Ingu Dóru Sigfúsdóttur um Framtíð fyrir alla, [Ungt fólk og brottfall úr framhaldsskólum](#)

⁶⁶ Welsh Assembly Government, „Child Poverty Task Group Consultation“ June 2004

⁶⁷ Preston, G. (Ed.), „At Greatest Risk: The Children most likely to be poor“, Child Poverty Action Group, 2005

Pátttaka foreldra

„Foreldrar bera höfuðábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna. Ýmsar rannsóknir benda til þess að börn foreldra sem taka virkan þátt í skólastarfi sýni betri frammistöðu í námi, hafi meira sjálfstraust og séu með jákvæðari viðhorf en önnur börn.“⁶⁸.

Pátttaka foreldra í námi barnanna skilar sér í betri ástundun, virkni og jákvæðari viðhorfum nemenda gagnvart menntun⁶⁹. Góð menntun móður hefur einnig jákvæð áhrif⁷⁰. Það ætti að vekja bjartsýni, að þrátt fyrir að lengi hafi verið vitað um áhrif menntunar og félagslegrar stöðu foreldra (og þá sér í lagi mæðra) á námsárangur barna, að þá hafa viðmiklar nýrri rannsóknir einnig sýnt að það hefur meiri áhrif hvað foreldrar gera með börnum sínum en hverjir þeir eru. Áhuginn er undirstaða náms og áhuginn verður til heima fyrir. Því er talið að ein áhrifaríkasta leiðin til að jafna námstækifæri barna og þar með draga úr stéttarskiptingu sé að efla foreldra í skólastarfi. Með því að líta á alla foreldra sem lykildpersónur í menntun barna sinna getur skólinn best tryggt velferð nemenda. Því þarf skólinn að mæta hverri og einni fjölskyldu á hennar forsendum í samræmi við lög og námskrár.

Efnaminni foreldrar hafa oft haft slæma reynslu af skólagöngu, margir þeirra hafa hætt námi án þess að ljúka prófi og þeim gæti fundist skólaumhverfið óþægilegt og fráhrindandi. Marga þeirra skortir sjálfstraust til að umgangast kennara og aðra sérfræðinga sem koma að skólastarfinu sem jafningja. Foreldrar sem hafa litla menntun geta líka átt erfitt með að hjálpa börnum sínum með heimanámið.

Rannsóknir hafa sýnt⁷¹ að foreldrar sem eru vel máli farnir og foreldrar í millistétt eru líklegri til að tjá skoðanir sínar í skólanum við hin ýmsu tækifæri og vinna hugmyndum sínum brautargengi. Foreldrar sem búa við erfiðar aðstæður eru líklegri til að hafa einungis samband við skólann ef barn þeirra hefur verið meðhöndlað á ósanngjarnan hátt, til dæmis vegna hegðunar.

Hvað geta skólar gert til að virkja foreldra í skólastarfi?

Skólar ættu á markvissan hátt að leita allra leiða til að auka hlutdeild foreldra í skólastarfi barna sinna og gera ráð fyrir þeim sem samstarfsaðilum á jafnréttisgrunni. Samstarfið á að vera á forsendum hvernar einstakrar fjölskyldu. Meginforsendur samstarfs er að skólinn ávinni sér traust og virðingu foreldra. Fyrsta skrefið felst í gagnkvæmri upplýsingamiðlun, en á þeim grundvelli má ræða við foreldra um nám, líðan og annað sem snýr að velferð nemandans. Síðast en ekki síst þarf að gera ráð fyrir því að foreldrar taki þátt í öllum veigamiklum ákvörðunum um barnið þeirra. Þetta á ekki síst við um námið. Í bókinni *Skóli og skólaforeldrar – ný sýn á samstarfið um nemandann* er bent á ýmsar hagnýtar leiðir til að auka á markvissan hátt þátttöku foreldra í námi barna sinna⁷².

- **Hvatning til samstarfs um nám barnsins og að foreldrum finnist þeir velkomnir í skólann.** Pátttaka foreldra á fyrstu skólaárum barns hefur oft langvarandi áhrif þó vissulega sé líka mikilvægt að barnið finni hvatningu frá foreldrum sínum þegar líður á skólagönguna.
- Sumir skólar bjóða upp á **heimsóknir á heimili nemandans** í upphafi skólagöngu. Það getur skipt miklu máli fyrir framhaldið að hitta barnið og fjölskyldu þess á heimavelli og í öruggu umhverfi. Það auðveldar börnunum að byrja í skóla og hjálpar starfsfólki skólans að meta þarfir þeirra. Það getur einnig verið mikilvægt fyrir foreldra að hitta kennara barnsins á sínum heimavelli og getur hjálpað til við að byggja upp traust.

⁶⁸ Reykjavíkurborg, 2009. Stoðir í skólastarfi

⁶⁹ Department for Work and Pensions, „Opportunity for all, Sixth Annual Report“, 2004

⁷⁰ Ermisch, J, Francesconi, M. And Pevalin, D.J., „Outcomes for Children of Poverty“, Department for Work and Pensions, 2001

⁷¹ Cozier, G. „Parental Involvement, who wants it? International Studies in Sociology of Education Vol 9 no 3 1999

⁷² Nanna Kristín Christiansen. 2010. Skóli og skólaforeldrar – ný sýn á samstarfið um nemandann. Reykjavík: Nanna Kristín Christiansen.

- **Mikilvægt er að gefa foreldrum reglulega markvissar upplýsingar um nám barnsins og hugmyndir um hvernig þeir geta aðstoðað það við heimalærdóm.** Rannsóknir hafa sýnt að það geti skipt miklu máli að leiðbeina foreldrum um aðstoð við nám barnanna⁷³. Mikilvægt er að koma upplýsingum til skila á sem fjölbreyttastan hátt og hafa í huga að það geta ekki allir lesið íslensku og að það hafa ekki allir aðgang að tölvum. Ef um heimanám er að ræða ætti alltaf að ákveða það í samráði við foreldra. Á heimasíðum Leikskólasviðs og Menntasviðs undir liðnum *Nýir Íslendingar* er að finna skilaboð milli heimilis og skóla og orðalista á 10 tungumálum.
- **Skilningur á ólíkum aðstæðum** foreldra og að fara varlega með málefni eins og *kostnað* s.s. við kaup á skólavarningi, útbúnaði og ferðum á vegum skólans og málefni sem tengjast *mismunandi menningarheimum* og *tungumálaerfiðleikum*. Þörf getur verið á sérstökum leiðum til að koma á góðu sambandi við þá foreldra sem hafa sjálfir slæma reynslu af skólagöngu og finnst að ekki sé hlustað á skoðanir þeirra.
- **Að fá foreldra snemma til samstarfs vegna fjarveru og/eða hegðunarvanda** s.s. að bjóða hjálp og stuðning fyrir þá foreldra sem ekki geta tekið sjálfir á slíkum vandamálum. Það getur hjálpað til við að koma á góðu sambandi við foreldra að hringja í þá og segja þeim frá þegar barn þeirra hefur staðið sig vel í stað þess að hafa einungis samband þegar illa gengur. Foreldrar geta átt í vandræðum með hegðun barnsins á heimilinu og gætu þurft aðstoð og stuðning við að vita hvert sé best að leita.
- **Skapa tækifæri fyrir foreldra til að læra með börnum eða án þeirra.** Skólar geta þróað samvinnu við ýmis námsframboð, sjálfboðaliðastarf og aðra hópa til að skapa slík tækifæri. Það gæti falið í sér grunnkunnáttu, tölvukennslu og þekkingu tengda foreldrafræðslu.

Ítarefni

- Bæklingurinn [Stoðir í skólastarfi](#) var unninn í samvinnu SAMFOKS, Menntasviðs Reykjavíkur og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Í honum eru upplýsingar um samstarf foreldra og grunnskóla.
- [SAMFOK](#) Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík.
- [Heimili og skóli](#) Landssamtök foreldra.
- Nokkrir skólar eru komnir með heimaviðtöl og heimaviðtöl, s.s. [Norðlingaskóli](#)
- [Oddeyrarskóli](#) er leiðandi í foreldrasamstarfi:
- [Fjölskylda og leikskóli – handbók um samstarf.](#)
- Leikskólarnir [Garðaborg](#), [Fellaborg](#), [Ösp](#) t.d. hafa t.d. verið að þróa heimaviðtöl og foreldrasamstarf.
- Leikskólasvið Reykjavíkurborgar hefur gefið út *Foreldrahandbók*.

⁷³ Sheffield REAL project: Preschool Literacy Intervention Involving Parents, 1995-2003



Reykjavíkurborg